

Lokun á Ölfusárbrú við Selfoss

Vegna viðgerða verður brúin yfir Ölfusá lokuð í **viku** um miðjan ágúst.

Áætlað er að loka þann 12. ágúst á miðnætti, opna fyrir morgunumferð kl. 6 þann 13. ágúst og loka svo aftur kl. 20 sama dag. Nýtt brúargólf verður steypst um nóttina, steypan er nokkra sólarhringa að harðna og áætlað er að hægt verði að hleypa aftur umferð á brúna þann 20. ágúst. Hjáleið verður m.a. um Þrengsli (39) og Óseyrarbrú á Eyrarbakkevegi (34).

Í uppsveitum eru hjáleiðir um Biskupstungnabraut (35). Skálholtsveg (31), Bræðratunguveg (359) og Skeiðaveg (30).

Gangbrautin á Ölfusárbrú verður opin á framkvæmdatímanum.

